

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarks skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1992:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 210 989 á ári (kr. 17 582 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 295 384 á ári (kr. 24 615 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 306 504 á ári (kr. 25 542 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 429 106 á ári (kr. 35 759 á mánuði).
3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatryggingar bæði lífeyrissjóðstekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 95 515 á ári (kr. 7 960 á mánuði, þ.e. kr. 25 542 - 17 582) hjá einstaklingi og kr. 133 722 á ári (kr. 11 144 á mánuði, þ.e. kr. 35 759 - 24 615) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lokamálsgrein 20. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júní 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 240

11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að grænt opið svæði vestan við götuna Stjörnusteina verður íbúðarhúslóð.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstofnun, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.